

Mánudaginn 14. maí 1979.

Nr. 101/1978. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Magnúsi Sverrisyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Ákærði er samkvæmt sakargögnum sannur að sök um þau brot, sem hann er sakfelldur fyrir í hinum áfrýjaða dómi. Eru þau réttilega færð til refsíákvæða, en ákvæðum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Það athugast, að eigi hafa verið teknar skýrslur af starfsfólki veitingaskálans á Hellu, er í málinu greinir, og gestum þar í því skyni að afla vitneskju um dvöl og hegðun ákærða í skála þessum 1. september 1976. Þá hefur eigi verið tekin skýrsla fyrir dómi af lögreglumanni þeim, sem handtók ákærða á Hellu þann dag. Enn fremur var eigi tekin dómskýrslá af einni stúlkunni, sem var í bifreið ákærða 31. ágúst og 1. september 1976, meðan þessa var kostur, en hún er nú látin.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Magnús Sverrisson, sæti varðhaldi 15 daga. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar

með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. nóvember 1977.

Ár 1977, mánudaginn 21. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 528/1977: Ákærvaldið gegn Magnúsi Sverrissyni, sem tekið var til dóms 20. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. apríl 1977, gegn ákærða, Magnúsi Sverrissyni verkamanni, Marargötu 3, Reykjavík, fæddum þar í borg 5. febrúar 1948, „fyrir að aka að kvöldi þriðjudagsins 31. ágúst og aðfararnótt miðvikudagsins 1. september 1976 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 50087 og neyta áfengis við akstur hennar frá Reykjavík að Sigöldu og þaðan að Hellu á Rangárvöllum, þar sem akstri lauk. Jafnframt er ákærða gefið að sök að hafa falið þeim Sigurbjörgu Ingvadóttur, fæddri 19. febrúar 1960, og Sigurveigu Herdísi Ingbergadóttur, fæddri 29. september 1961, stjórn bifreiðarinnar nokkurn hluta af nefndri leið, enda þótt ákærði hefði áður veitt þeim áfengi í bifreiðinni og þær hefðu eigi ökuréttindi.

Þykir þetta varða við 1. mgr., 2. mgr., sbr. 4. mgr. og 6. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 35. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og við 3. mgr. 16. gr., sbr. 2. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 1. september 1976, kl. 1030, þegar Valgeir Guðmundsson lögregluþjónn var staddur á Þrúðvangi á Hellu í eftirlitsferð, gaf sig fram við hann ákærði í máli þessu, sem var greinilega undir áhrifum áfengis. Kvaðst hann vera í vandræðum með bílaleigubifreið, sem hann væri með, en hún væri hemlalaus. Var ákærði færður í lögreglubifreið og látinn bíða þar, meðan lögregluþjónninn hafði tal af farþegum í bifreiðinni,

en þeir voru þrjár stúlkur, þær Erla Björk Ingibergsdóttir, Ásgarði 16, Reykjavík, systir hennar Sigurveig, sama stað, og Sigurbjörg Ingvadóttir, Unufelli 46, Reykjavík. Voru þær Sigurbjörg og Sigurveig undir áhrifum áfengis.

Ákærði var nú færður til héraðslæknis á Hellu, sem tók blóðsýni úr honum, og við rannsókn á því reyndist alkóhólmagn í blóðinu nema 1.71%.

Ákærði neitaði þegar hjá lögreglu að hafa ekið umræddri bifreið, R 50087, undir áhrifum áfengis, heldur kvaðst hann hafa drukkið eftir að hann hætti að aka og hefði hann drukkið áfengi í Grillskálanum á Hellu. Lögreglan ræddi við veitingamanninn þar og eiginkonu hans svo og mann, sem þar var staddur, og kváðust þau ekki hafa orðið vör við, að ákærði hefði bragðað áfengi þar inni. Sama báru stúlkur þær, sem voru í bifreiðinni hjá ákærða. Sögðu þær, að hann hefði drukkið talsvert, meðan á akstri stóð. Þá kom einnig fram hjá stúlkunum, að ákærði hefði leyft þeim að aka bifreiðinni til skiptis og hafi þær Sigurveig og Sigurbjörg þá verið undir áhrifum áfengis.

Ákærði hefur neitað fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis svo og að hafa falið umræddum stúlkum stjórn bifreiðarinnar. Fyrir dómi hinn 18. janúar sl. skýrði ákærði svo frá, að um kvöldið þann 30. ágúst 1976 hefði hann ekið bílaleigubíl frá Reykjavík að Sigöldu. Þrjár stúlkur hafi verið farþegar í bifreiðinni og muni hann, að tvær þeirra heiti Erla og Sigurveig Ingibergsdætur. Um nóttina hafi hann ekið aftur áleiðis til Reykjavíkur. Skammt frá Búrfelli kom í ljós bilun í hemlakerfi bifreiðarinnar. Þaðan ók hann bifreiðinni með bílað hemlakerfi að Hellu, þar sem hann hugðist fá aðstoð.

Ákærði kvaðst hafa haft verulegt magn áfengis í bifreiðinni. Hafi tvær stúlkunnar drukkið af þessu áfengi án sinnar vitundar. Hann hafi ekkert áfengi drukkið, á meðan á akstri stóð. Hins vegar hafi hann farið inn á salerni í Grillskálanum á Hellu og drukkið þar vænan skammt af áfengi. Einnig hafi hann drukkið áfengi úr glasi í veitingaskálanum. Hann segir, að þegar hann hafi verið handtekinn, hafi hann verið með tösku úr bílaleigubílum, en í töskunni var m. a. áfengi. Kvaðst hann hafa neytt áfengis úr þeirri tösku, þegar hann var skilinn eftir um stund einn í lögreglubifreiðinni, meðan lögreglan talaði við stúlkurnar. Hann kveðst hafa byrjað drykkju vegna þess, að hann var orðinn þreyttur.

Ákærði segir, að á leiðinni að Sigöldu hafi hann smástund setið undir Sigurveigu og leyft henni að stýra bifreiðinni svo og annarri stúlku, þó þannig, að hann hafði einnig hönd á stýri og stjórnaði öðrum stjórnækjum.

Sigurbjörg Ingvadóttir, Unufelli 46, Reykjavík, fædd 19. febrúar 1960, gaf skýrslu hjá lögreglunni í Rangárvallasýslu hinn 1. september 1976. Skýrði hún svo frá, að kl. 2030 kvöldið áður hefði ákærði komið að Ásgarði 16 í Reykjavík, þar sem hún hafi verið stödd hjá vinkonum sínum, systrunum Sigurveigu og Erlu Ingibergsdætrum. Hafi Magnús boðið þeim með sér og hafi ferðinni verið heitið að Sigöldu. Var lagt af stað frá Reykjavík skömmu síðar, en þegar komið var austur fyrir Selfoss, hafi ákærði gefið þeim áfengi, er hann var með, og drukku þær Sigurveig af því, en Erla Björk ekki. Drakk ákærði með þeim áfengi. Skömmu síðar kvaðst Sigurbjörg hafa fengið að aka bifreiðinni og síðar hafi þær Sigurveig og Erla Björk einnig ekið, en hún kveðst þó hafa ekið mest ásamt ákærða og hafi þau öll verið undir áhrifum áfengis nema Erla. Kvaðst hún hafa séð áfengisáhrif á ákærða, á meðan á akstri stóð. Var ekið sem leið lá að Sigöldu og áður en þangað kom, hafi ákærði m. a. tuggið tyggigúmmí til að hliðvörðurinn fyndi ekki áfengislykt af honum. Var ekið um Sigöldusvæðið um stund og síðan þaðan og hafi verið ætlunin að fara að Landmannalaugum. Þau villtust og sneru því til baka og héldu Landveg til byggða, og héldu þau ákærði, Sigurveig og Sigurbjörg áfram drykkju, og var ákærði þá orðinn áberandi ölvaður. Sigurbjörg kvaðst hafa ekið bifreiðinni á tunnu fyrir neðan Sigöldu og hafi hemlar bifreiðarinnar bílað skömmu síðar. Tók ákærði síðan við akstri bifreiðarinnar og ók talsverðan spöl, en síðan kvaðst hún hafa tekið aftur við og síðan Sigurveig, en hún var orðin talsvert ölvuð og sömuleiðis hún sjálf. Kvaðst hún hafa ekið bifreiðinni að Hellu og lagt henni í stæði, þar sem hún var, er lögreglan kom að tala við þær. Hafi þau farið í Grillskálann á Hellu og fengið sér að borða, en ekkert þeirra hafi drukkið áfengi þar inni né heldur eftir að þau komu að Hellu.

Ekki tókst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að ná til framangreinds vitnis til að fá það fyrir dóm.

Systurnar Sigurveig Herdís Ingibergsdóttir, fædd 29. september 1961, og Erla Björk Ingibergsdóttir, fædd 20. desember 1962, báðar til heimilis að Ásgarði 16 hér í borg, gáfu skýrslu hjá

rannsóknarlögreglunni í Reykjavík fyrrnefndan dag, 1. september 1976, og síðar fyrir dómi hinn 23. ágúst sl.

Vitnið Sigurveig Herdis Ingibergsdóttir skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið með ákærða í bifreið hans að kvöldi 31. ágúst og aðfararnótt 1. september 1976 ásamt Erlu systur sinni og Sigurbjörgu Ingvadóttur. Komu þær í bifreiðina að Ásgarði 16. Vitnið segir, að stöðvað hafi verið við Heiðarbæ og þar hafi ákærði byrjað að neyta áfengis, en hann hafði það meðferðis. Sagði hann stúlkunum, að þær mættu einnig drekka af þessu áfengi, og drukku vitnið og Sigurbjörg eitthvað, en Erla ekki. Kvað vitnið ákærða hafa drukkið mikið og orðið töluvert ölv-aðan við aksturinn. Þetta hafi lýst sér í því, að ákærði hafði ekki fullt vald á bifreiðinni og m. a. misst hana út af veginum. Varð þetta til þess, að vitnið og Sigurbjörg fóru að aka bifreið-inni. Óku þær það, sem eftir var að Hellu. Vitnið taldi, að aldrei hefði verið farið alla leið að Sigöldu. Kvaðst það mjög lítið hafa ekið, en það hafi drukkið allnokkuð. Aðallega hafi Sigurbjörg ekið, enda hafði hún drukkið minna og drakk ekkert, eftir að hún hóf að aka. Sagði vitnið, að ákærði hefði vitað, að þær hefðu drukkið áfengi, er þær óku. Ákærði hafi setið við hlið þeirra, er þær óku, en aldrei setið undir þeim. Vitnið mundi ekki, hvort ákærði hefði drukkið áfengi, eftir að stöðvað var á Hellu.

Vitnið Erla Björk Ingibergsdóttir hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi ásamt systur sinni, Sigurveigu Herdísí, og Sigurbjörgu Katrínu Ingvadóttur verið farþegi í bifreið ákærða að kvöldi 31. ágúst og aðfararnótt 1. september 1976. Komu þær í bifreiðina til ákærða að Ásgarði 16. Var ekið austur fyrir Fjall, og mundi vitnið, að stöðvað var á veginum rétt hjá Skálmholti og Heiðarbæ nálægt Þjórsá. Sagði vitnið, að ákærði hefði virst ódrukkinn, er aksturinn hófst, en hann hafi verið með mikið vín í bifreiðinni. Þegar stöðvað var á fyrrgreindum stað, tók ákærði upp flösku og fór að drekka. Einnig bauð hann Sigurveigu og Sigurbjörgu áfengi, og báðu þær það, en vitnið drakk ekki. Síðar var ekið upp að Sigöldu. Fannst vitninu ákærði haga sér eins og hann væri undir áhrifum áfengis. Ók hann stundum glanna-lega og fór einu sinni út af veginum. Var vitnið alveg visst um, að það sá ákærða neyta áfengis í bifreiðinni, en það mundi ekki nú, hvort það sá hann oft fá sér sopa. Hjá rannsóknarlögreglu hinn 1. september 1976 hafði vitnið skýrt svo frá, að það hefði séð ákærða neyta áfengis í bifreiðinni nokkrum sinnum og hafi

það verið hrætt í bifreiðinni, þar sem ákærði hafi ekið mjög glannalega.

Vitnið mundi, að Sigurbjörg hefði ekið bifreiðinni eitthvað, og var vitninu mikill léttir að því vegna þess, hve ákærði hafði ekið glannalega. Sigurbjörg hafði neytt einhvers áfengis. Vitnið mundi ekki, hvort Sigurveig hefði ekið eitthvað einnig.

Vitnið kvað þau síðar hafa komið í Grillskálann að Hellu, en ekki mundi það, hvort ákærði neytti áfengis þar. Það sagði, að ákærði hefði beðið þær að skýra ekki frá því, að hann hefði drukkið við aksturinn, þegar þau voru komin til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík.

Í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni skýrði Erla Björk svo frá, að er þau hafi verið komin að Hellu og í veitingaskálann þar, hafi hún séð ákærða fá sér maltöl og hella saman við það rauðu víni, sem hann hafi verið með, og drukkið þetta þar.

Þegar virtir eru framburðir Sigurveigar Herðísar og Erlu Bjarkar Ingibergsdætra fyrir dómi svo og skýrsla Sigurbjargar Ingvadóttur hjá lögreglu, þykir verða að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi neytt áfengis við akstur bifreiðarinnar R 50087. Með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og framangreindum framburðum verður einnig að telja, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar greint sinn. Þegar litið er til framburðar ákærða um drykkju, eftir að akstri lauk, þykir hins vegar ekki fyllilega sannað, að alkóhólmagn í blóði hans hafi verið svo mikið sem í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga greinir. Verður framangreint atferli ákærða því heimfært undir 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Þá verður með hliðsjón af sömu framburðum og þrátt fyrir neitun ákærða að telja fyllilega sannað, að ákærði hafi falið þeim Sigurbjörgu Ingvadóttur og Sigurveigu Herðísi Ingibergsdóttur, sem hvorug hafði réttindi til að stjórna bifreið, stjórn framangreindrar bifreiðar um tíma. Jafnframt að hann hafi veitt þeim áfengi og þær hafi verið undir áhrifum þess, er hann fól þeim stjórn bifreiðarinnar. Varðar þetta atferli við 6. mgr., 25. gr. og 1. mgr. 35. gr. umferðarlaga og við 3. mgr. 16. gr. áfengislaga.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottarði sætt eftirtöldum kær-um og refsingum:

1964 26/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.

1965 20/3 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

- 1965 15/6 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
 1965 19/7 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
 1965 15/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
 1965 1/11 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir ölvun.
 1966 2/3 í Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 26.,
 37. og 49. gr. umferðarlaga og 219. gr. hegningar-
 laga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.
 1967 16/5 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
 1967 21/6 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir ölvun.
 1967 4/8 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.
 1967 13/10 í Reykjavík: Dómur: 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn
 217. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, kr. 2.000.
 1968 23/2 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
 1968 29/2 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
 1968 27/3 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 231.
 gr. hegningarlaga og 6. gr. áfengislaga.
 1968 11/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
 áfengislaga.
 1969 12/12 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21.
 gr. áfengislaga.
 1970 8/7 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 21.
 gr. áfengislaga.
 1971 30/4 á Akureyri: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr.
 áfengislaga.
 1972 8/2 í Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi, skilorðs-
 bundið í 5 ár, fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaga.
 1972 7/6 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
 áfengislaga.
 1972 30/10 í Reykjavík: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
 áfengislaga.
 1973 24/8 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
 áfengislaga.
 1975 17/3 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á
 25. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 25/6
 1974.

Refsidómur frá 17. mars 1975 hefur ítrekunaráhrif á framan-
 greint brot ákærða samkvæmt 71. gr. alm. hegningarlaga nr.
 19/1940, og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Með hliðsjón af 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr.
 54/1976, 2. mgr. 41. gr. og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969 þykir
 refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt í ríkissjóð, kr. 110.000, og

komi varðhald í 18 daga í sektarinnar stað, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og skv. 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna til skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 35.000.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Sverrisson, greiði kr. 110.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 18 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, kr. 35.000.

Mánudaginn 14. maí 1979.

Nr. 165/1977. Þórisós h/f

(Jón Þorsteinsson hrl.)

gegn

Hveragerðishreppi

(Benedikt Sveinsson hrl.).

Aðstöðugjald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. september 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann krefst sýknu